Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir reglur um áhugamannaflokk í gæðingakeppni sem verður hluti af Reglum um gæðingakeppni.

Ný grein sem verður gr. 11.

11 Reglugerð LH um gæðingakeppni í áhugamannaflokki

11.1 Keppendur í áhugamannaflokki

Áhugamannaflokkur er hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk.

Í áhugamannaflokki er það ekki hesturinn, heldur knapinn, sem vinnur til verðlauna. Keppandi í áhugamannaflokki getur ekki fengið annan knapa í sinn stað.

11.2 Keppnishesturinn í áhugamannaflokki

Keppandi í áhugamannaflokki má ekki mæta til keppni með hest sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi áhugamaður fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Ekki er heimilt að fá annan knapa á hest sem hefur tryggt sér sæti í úrslitum.

Í áhugamannaflokki keppir keppnisparið fyrir félag knapa óháð félagsaðild hesteiganda. Keppnishestur í áhugamannaflokki getur aðeins keppt fyrir eitt félag á hverju almanaksári.

11.3 Einkunnir í áhugamannaflokki

Sjá grein 5 Reglugerð LH um einkunnaútreikning í gæðingakeppni.

11.4 Verkefni í áhugamannaflokki

Sjá grein 5.2 Verkefni.

11.5 Keppnisréttur í úrslitum í áhugamannaflokki

Á félagsmótum skulu þeir keppendur, sem hæstar einkunnir hafa hlotið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð keppenda í úrslitakeppninni. Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta.

Framkvæmdanefnd sér um að allir keppendur beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélum. Mótshaldarar hafa heimild til að hafa bæði A og B úrslit í öllum flokkum.

Efstu fimm til átta keppendur í forkeppni vinna sér sæti í úrslitum sem kölluð eru A úrslit. Sé þátttaka nægileg getur mótshaldari skipulagt önnur úrslit (6.-10. eða 8.-15. sæti) sem nefnd eru B úrslit.

Forfallist keppnispar, öðlast fyrsta varakeppnispar úr forkeppninni þátttökurétt.

Efsta keppnispar í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Ákveði efsta keppnispar í B-úrslitum að taka ekki þátt í A-úrslitum getur enginn annar komið í hans stað.

11.6 Framkvæmd úrslitakeppni í áhugamannflokki

Sjá grein 6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Greinargerð:

Hingað til hafa engar reglur verið um áhugamannaflokk í regluverki LH. Talsverð reynsla er komin á keppni í áhugamannaflokki (gæðingaflokki 2) og hefur keppni verið framkvæmd, dæmd og reiknuð eins og A og B flokkur utan þess að knapi sem kemur tveim eða fleiri hestum í úrslit þarf að velja hvaða hest hann fer með í úrslit. Þ.e. knapi en ekki hesturinn sem vinnur til verðlauna. Reglugerð um keppni í áhugamannaflokki hefur því verið sett upp í sér kafla eins og keppni í barna-, unglinga- og ungmennaflokki.